

Jafnréttisstofa

Borgum við Norðurslóð • 600 Akureyri
Sími 460 6200 • Fax 460 6201
www.jafnretti.is • jafnretti@jafnretti.is



Jafnréttisstofa

Jafnréttisstofa annast stjórnslu á sviði jafnréttismála á Íslandi og vinnur samkvæmt lögum um jafna stöðu og jafnan rétt kvenna og karla nr. 96/2000.

Markmið þeirra laga er að koma á og viðhalda jafnrétti og jöfnum tækifærum kvenna og karla og jafna þannig stöðu kynjanna á öllum sviðum samfélagsins.

Helstu verkefni Jafnréttisstofu eru söfnun og miðlun upplýsinga um jafnrétti kynjanna, fræðsla og ráðgjöf til einstaklinga, félaga, fyrirtækja, stofnana og stjórnvalda á öllum stigum, auk þróunarstarfs, rannsókna og eftirlits með lögunum.

Markmið stofnunarinnar er að ná fram varanlegum breytingum í átt að jafnrétti á öllum sviðum samfélagsins.

Vissir þú að árið 2006:

- voru 4 af 12 ráðherrum konur, eða 33%?
- voru 23 af 63 þingmönnum konur, eða 37%?
- voru 190 af 339 sveitarstjórnarmönnum konur, eða 36%?
- var atvinnuþátttaka kvenna 76% en atvinnuþátttaka karla 85%?
- var vinnuvika kvenna að meðaltali 36 klst. en vinnuvika karla 47 klst.?
- var óútskýranlegur launamunur kynjanna 15,7%?*

Viltu vita meira? www.jafnretti.is

*Capacent könnun frá 2006, á 4 stofnunum og 4 fyrirtækjum.

Jafnréttisstofa Námskeið

Jafnréttisstofa býður fyrirtækjum og stofnunum upp á námskeiðið **Jafnt er meira** - námskeið um jafnréttisstarf fyrirtækja og stofnana. Jafnréttisstofa býður einnig sveitarfélögum upp á samþærilegt námskeið, **Jafnt er betra** - námskeið um jafnréttisstarf sveitarfélaga. Á námskeiðunum er fjallað um samþættingu kynja- og jafnréttissjónarmiða, stöðu kynjanna í íslensku samfélagi, jafnréttislöggjöfina, hvers vegna jafnréttisáætlanir eru mikilvægar og hvernig hægt er að setja sér skýr markmið og fylgja þeim eftir. Markmið námskeiðanna er að veita fræðslu um jafnréttismál ásamt því að auðvelda vinnu við gerð jafnréttisáætlana og framkvæmd þeirra.

Nánari upplýsingar á www.jafnretti.is